



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1068. tbl - 23. árg.

17. maí 2023



Kajak námskeið á Arnarstapa



Áhugamenn um sjó kayaka fjölmenntu á Arnarstapa dagana 11.-14. maí þar sem námskeið um íþróttina var haldið. Er þetta annað árið í röð sem námskeiðið er haldið á Arnarstapa en það gengur undir nafninu Sea Kayak Iceland Symposium og er á vegum Sea Kayak Iceland. Markmið viðburðarins er að fræðast um

íþróttina og upplifa mismunandi aðstæður og umhverfi. Þátttakendur fá tækifæri til þess að öðlast nýja reynslu, kynnast nýjum ræðurum og deila sinni reynslu og ævintýrum. Einnig voru hjálfrarar til staðar sem hjálpuðu ræðurum að þróa sína róðratækni og bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Yfir daginn voru þátt-

takendur á sjó en á kvöldin nutu þau sín í góðum félagsskap þar

sem þau hlustuðu á fyrirlestra og skemmtu sér. JJ



Bifreiðuverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC



www.msc.org

Opnunarhátíð Smiðjunnar

Smiðjan er dagþjónusta og vinnustofa fyrir fólk með skerta starfsgetu. Smiðjan hefur verið staðsett við Ólafsbraut 19 í Ólafsvík undanfarin ár en er nú flutt í Ólafsbraut 22 þar sem Olís var til húsa. Er þetta merkur áfangi fyrir starfseminna og glæsileg þróun. Í tilefni flutninganna var haldin opnunarhátíð 11. maí klukkan 16:30 þar sem gestum og gangandi gafst tækifæri til að skoða nýja húsnæðið. Öll voru hvött til að mæta og gleðjast með starfsfólki Smiðjunnar á þessum tímótum.

Sveinn Þór Elinbergsson hélt ræðu við opnunina og gaf Jóni Hauki, fagstjóra í málaflokki fólks með fötlun og Þórheiði Elinu, forstöðukonu Smiðjunnar blómvönd og hrósaði fyrir störf vel unnin. Þórheiður hannaði nýju Smiðjuna með það að leiðarljósi að hægt væri að nýta húsnæðið sem best og starfsfólk Smiðjunnar



fengi rými til að njóta sín sem best og vaxa í starfi. Mikil ánægja var með nýja húsnæðið meðal starfsfólks Smiðjunnar, leiðbeinenda og aðstandenda. JJ

Sjávarútvegsskóli unga fólksins



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir 1x2

Okkar þátttakendur í getrauninum, það er þeir sem komu í Áttthagastofuna, voru ekki mjög getspakir um síðustu helgi. Kenndu menn um að komnir væru leikir á seðilinn úr deildum annarra landa en þeirri ensku, sem að sögn truflar einbeitinguna við að sjá fyrir úrslit leikja. Allavega, þá var aðeins einn með 11 rétt úrslit. Næsti laugardagur er sá næst síðasti, sem við verðum í Áttthagastofunni á þessum vetri og er því um að gera fyrir þá sem hafa áhuga á að freista gæfunnar

að mæta á laugardaginn, fá kaffi hjá okkur og tippa nokkrar raðir. Við verðum á staðnum á milli klukkan 11.00 og 12.00. Gott að koma og hita upp fyrir leik Víkings gegn Völsungi, sem hefst klukkan 16.00 á laugardaginn og verður án efa hörku leikur. Kannski mætir einhver úr liðs teyminu til að fara yfir komandi leik og hvernig móti hefur byrjað. Svo mætir Reynir liði Álafoss klukkan 18.00 á sunnudaginn hér á Ólafsvíkuvelli.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Nýjung verður í boði fyrir nemendur í vinnuskóla Snæfellsbæjar í sumar. Sjávarútvegsskóli unga fólksins er samvinnuverkefni Háskólans á Akureyri, Snæfellsbæjar og sjávarútvegsfyrirtækja í Snæfellsbæ þar sem nemendur fá inn-sýn og fræðslu um sjávarútveginn. Skólinn er ætlaður 14 ára nemendum og stendur yfir frá 12.-16. júní. Tveir kennarar frá Háskólanum á Akureyri munu kenna nemendum en starfsfólk fyrirtækja á svæðinu taka einnig þátt í fræðslunni. Nemendur fá

greidd laun líkt og í vinnuskól-
anum á meðan kennsla fer fram. Fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu eru Sjávaríðjan, Valafell, Hraðfrystihús Hellissands, Fiskmarkaður Íslands og Fiskmarkaður Snæfellsbæjar. Í síðustu viku heimsóttu Kristfríður Rós og Valgerður Hlín frá Snæfellsbæ þau fyrirtæki sem taka þátt að þessu sinni. Með þeim var Guðrún Arndís Jónsdóttir en hún fer fyrir Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri.

JJ



***Blóðbankabíllinn á Snæfellsnesi.
Þriðjud. 23. maí. Grundarfjörður við
Kjörbúðina kl. 12:00-17:00***

***miðvikud. 24. maí Stykkishólmur
við Íþróttamiðstöðina kl. 8:30-12:00***


***miðvikud. 24. maí Ólafsvík við
Sjoppuna kl. 14:30-18:00***

*Blóðgjöf
er lífsgjöf*

Stór rennibraut bætist við í sundlauginni

Mikil uppbygging hefur verið við sundlauginna í Ólafsvík undanfarin ár og er ekkert lát á. Nú er búið að festa kaup á glæsilegri rennibraut sem mun bætast við afþreyingu á útisvæði húsnæðisins. Rennibrautin sem kemur frá framleiðandanum Polin Waterparks er um sjö metrar á hæð og 54 metrar að lengd. Hún er rauð að lit sem fellur vel að húsnæðinu. Jarðvegsvinna og framkvæmdir fyrir undirstöður rennibrautarinnar eru þegar hafnar og stefnt er að klára uppsetningu í sumar. Ef allt gengur vel þá munu forsvarsmenn hleypa vatni á hana í byrjun júlí.

JJ



Öflugur þróstur í hreiðurgerð



Það má segja að skógarþrósturinn á myndinni sé þrjóskur en hans tími til hreiðurgerðar er þessa dagana. Hafði hann búið sér til hreiður í malarvagni tvisvar sinnum á nokkrum klukkutímum og í vörubíl jafn oft, gerði hann því þessi fjögur hreiður á innan við tveimur sólarhringum. Var hreiðrið hans fjarlægst svo hann kæmist ekki

lengra með hreiðrið og fyndi sér annan stað því bæði vörubíllinn og vagninn eru í notkun og því ekki gott að hann væri búinn að koma sér upp dvalarstað sem hyrfi svo einn daginn. Virkaði þetta og gafst hann upp og er farinn einhvað annað vonandi þar sem ekki eru vinnuvélar í notkun.

ÞA



Starfsmaður óskast í Smiðjuna

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir laust til umsóknar tímabundið starf í Smiðjunni í Ólafsvík, dagþjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu.

- Um er að ræða 100% stöðugildi á dagvinnutíma.
- Félagsliða- stuðningsfulltrúanám eða annað nám og reynsla er nýttist í starfinu æskilegt en þó ekki skilyrði.
- Smiðjan er reyklaus vinnustaður
- Laun skv. kjarasamningi sveitarfélaganna og viðkomandi stéttarfélags.
- Umsækjandi þarf að geta hafið störf frá og með **16. ágúst n.k.**
- Starfið er tímabundið vegna barneignarleyfis.

Frekari upplýsingar veitir Þórheiður E. Sigurðardóttir, forstöðuþroskaþjálfari Smiðjunnar.

Skriflegar umsóknir er tilgreini menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði og nöfnum 2ja umsagnaraðila berist á skrifstofu Smiðjunnar Ólafsbraut 19, 355 Ólafsvík eða á netfangið thorheidur@fssf.is

Umsóknareyðublöð má fá á heimasíðunni www.fssf.is

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2023

Bragðdaufur leikur á slæmum velli

Okkar strákar í Víkingi skruppu austur að Egilsstöðum síðasta laugardag og spiluðu við Hött/Huginn. Gerfigrasið á vellinum hjá þeim er víst með því versta, sem leikið er á í deildunum, og má segja að það geti jafnvel ver-

ið hættulegt ef menn eru ekki rétt skóaðir. Leikurinn bar þess greinilega merki og lauk með markalausni jafntefli.

Getulega séð voru Víkingarnir betri, þó að það dyggði ekki til sigurs á heimamönnum. Eitt stig

er þó betra en ekkert, því ef liðið vinnur heimaleikina sína og gerir jafntefli á útivöllum er uppskeran 44 stig, sem hefði, til dæmis farið langt með að tryggja sig upp um deild í fyrra.

Þessi leikur verður seint verð-

launaður fyrir skemmtanagildi, að sögn þeirra, sem voru á staðnum, svo fátt er um sjálfan leikinn að segja, annað en að hann stóð yfir í 90 mínútur auk uppþátar-tíma vegna tafa.

ÓHS

Aðalfundur Verkalýðsfélags Snæfellinga

verður haldinn þriðjudaginn 23. maí kl. 18.00
í fundarsal Hótel Fransikus að Austurgötu 7 í Stykkishólmi.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Breytingar á lögum félagsins
Reglugerðarbreytingar
Önnur mál

Peir sem óska eftir fari á fundinn hafi samband við skrifstofu félagsins
í síma 588 9191 eða neffang verks@verks.is.



Lokaverkefni og dimmitering í FSN

Nú er skólaárið að líða að lokum og sumarið að taka við. Í Fjölbautaskóla Snæfellinga hefur hefðbundið vorstarf staðið yfir sem eru fastir liðir við lok skólagöngu stúdenta. Útskriftarhátíð Fjölbautaskóla Snæfellinga verður haldin föstudaginn 26. maí í hátíðarsal skólans í

Grundarfirði en nýverið kláruðu nemendur á stúdentsbrautum áfangann lokaverkefni. Þennan áfanga taka útskriftarnemendur á sinni síðustu önn við skólann og fá þau að velja sér viðfangsefni sjálf og skipuleggja sig í samráði við leiðbeinendur. Iðulega velja nemendur efni tengt sinni braut,

þó þar sé stundum undantekning á, og voru verkefni á fjölbreytt og áhugaverð. Á meðal lokaverkefnanna voru hlaðvörp, kennslumyndbönd, heimasíður, ritgerðir, málverk, sýrealískt listaverk, líkón úr málm, taflborð og rafmagnsgítar. Lokaverkefni kynntu nemendur svo í matsal skólans fyrir samnemendum og gestum. Þann 11. maí klæddi útskriftarhópurinn sig svo upp og

fagnaði því að settum markmiðum væri náð. Dimmiteringin fór fram með mikilli dagskrá hjá hópnum enda vaninn ekki að lítið fari fyrir stúdentum á degi sem þessum. Starfsfólk fjölbautarskólans bauð svo hópnum í vöflur á kaffistofu kennara en er það skemmtileg hefð sem gerir kveðjustundina aðeins persónulegri.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Tuttugu keppendur á sjóstangveiðimóti

Liðna helgi, eða dagana 12. og 13. maí, fór fram aðalmót Sjósnæ sem var jafnframt annað aðalmót sumarsins sem telur til íslandsmeistara SJÓL 2023. Mótssetning var í Björgunarsveitarhúsinu Von á Rífi fimmtudagskvöldið 11. maí og snemma á föstudeginum hófst veiðin. Keppendur veiddu í 7 klukkustundir frá fyrsta rennsli á föstudeginum og í 6 klukkustundir á laugardeginum. Mótinu var svo slitið með lokahófi í Björgunarsveitarhúsinu Von á Rífi á laugardagskvöldið þar sem veitt var verðlaunapeninga og bikara fyrir frammistöðu helgarinnar. 20 keppendur tóku þátt í mótinu og var Jón Einarsson frá Sjósnæ aflahæsti karlinn og Björg Guðmundsdóttir frá Sjósnæ aflahæsta konan. Þá fékk Jón Einarsson



einnig flesta fiska, 458 stykki, og Wojciech Maciej Kwiatkowski frá Sjósnæ var með flestar tegundir eða sjö. Á meðfylgjandi mynd

eru Jón Einarsson, Björg Guðmundsdóttir, Beata Makilla og Pawel Szalas sem fengu verðlaun fyrir aflahæstu sveitina en öll eru

þau meðlimir í Sjósnæ.

SJ

Réttin hlaðin 19. - 24. júní



Í sumar verður haldið áfram að hlaða upp gömlu réttina í Ólafsvík sem er í landi skógræktarinnar í Ólafsvík.

Hleðslumenn verða við vinnu dagana 19. til 24. júní. Já þetta er rétt, þetta eru réttardagarnir hjá okkur þetta sumarið og vonumst við til að fá aðstoð frá íbúum og öðrum áhugasömum við hleðslu.

Einnig höfum við verkefni við að raka og hreinsa úr dilkunum sem búið er að hlaða því það á eftir að setja nýtt efni yfir það grófa. Hugmynd er um að fólk gæti jafnvel tekið að sér einn dilk til að sjá um.

Enn á ný leitum við til ykk-

ar eftir frjálsum framlögum. Hægt er að leggja inn á reikning í Landsbankanum í Ólafsvík. Reikningsnúmer

190-15-380065 og kennitala Áttahagastofu Snæfellsbæjar 671108-1670.

Vörslumaður er Maínó Mortensen hjá Deloitte.

Við viljum þakka fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum fyrir stuðninginn undanfarin ár.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Guðrúnu Tryggvadóttur 894-5160, Sölva Konráðssyni 894-2832 eða Lydíu Rafnsdóttur 892-5302.

Fyrsta skemmtiferðaskipið



Skemmtiferðaskipið Amera lagðist við festar í Grundarfjarðarhöfn mánudaginn 15. maí síðastliðinn. Þetta er fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins í Grundarfirði þetta árið en hafnarstjóri segist eiga von á 68 skipum í sumar eins og staðan er núna. Amera er um þessar mundir í 17 daga hringferð sem hófst og endar í Bremen, Þýskalandi með viðkomu í sjö höfnum á Íslandi, þar

á meðal Grundarfirði. Þrátt fyrir að vera fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins beið vetrarríki ferðamannanna þennan mánudagsmorgun í Grundarfirði og var ekki margt um manninn á götum bæjarins árla morguns. Veðurskilyrðin bötnuðu töluvert með deginum og mynduðust fljótlega raðir af ferðamönnum frá þéttbýlinu að Kirkjufellsfossi eins og venjan er þegar skipin leggjast við höfn.

SJ

Aflafréttir



Það er nóg að gera hjá hafnarvörðum og þeim aðilum sem sjá um landanir í höfnum Snæfellsbæjar þessa dagana en dagana 8. til 14. maí voru landanir í höfnum Snæfellsbæjar alls 497 og komu á land í þeim 1370 tonn. Í Rífshöfn var landað 719 tonnum í 152 löndunum. Í Ólafsvíkurhöfn 493 tonnum í 210 löndunum og á Arnarstapa 158 tonnum í 135 löndunum. Má af þessu sjá að hafnirnar eru líflegar þessa dagana og setja handfæra bátarnir svip sinn á þær en 45 handfæra bátar lönduðu á Arnarstapa þessa daga og lönduðu þeir 124 tonnum í 131 löndun. 40 handfæra bátar lönduðu í Rífshöfn þessa sömu daga og lönduðu þeir 93 tonnum í 108 löndunum. 56 handfæra bátar lönduðu í Ólafsvíkurhöfn og lönduðu þeir 140 tonnum í 168 löndunum. Einn grásleppu bátur Rán SH landaði 9 tonnum í 6 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Bárður SH 107 tonnum í 4, Saxhamar SH 72 tonnum í 3, Ólafur Bjarnason SH 59 tonnum í 4, Magnús SH 47 tonnum í 3, Gunnar Bjarnason

SH 45 tonnum í 4, Sveinbjörn Jakobsson SH 44 tonnum í 3, Matthías SH 42 tonnum í 3, Rífsari SH 42 tonnum í 3, Esjar SH 41 tonni í 3, Egill SH 27 tonnum í 2 og Guðmundur Jensson SH 9 tonnum í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Bíldsey SH 71 tonni í 5, Kristinn HU 57 tonnum í 6, Tryggvi Eðvarðs SH 57 tonnum í 6, Lilja SH 42 tonnum í 6, Stakkhamar SH 36 tonnum í 4, Brynja SH 22 tonnum í 5, Þerna SH 15 tonnum í 5, Sverrir SH 12 tonnum í 4, Gullhólmi SH 11 tonnum í 1, Tryggvi Eðvarðs SH 9 tonnum í 1 löndun. Hjá stóru línu bátunum landaði Rífsnes SH 69 tonnum í 1 löndun. Bárður SH er á netaveiðum og landaði hann 50 tonnum í 6 löndunum.

Þessa sömu daga lönduðu 20 handfæra bátar í Grundarfjarðarhöfn 49 tonnum í 65 löndunum. Tveir botnvörpu bátar lönduðu einnig Hringur SH 102 tonnum í 2 og Farsæll SH 69 tonnum í einni löndun. Alls var landað í Grundarfjarðarhöfn 220 tonnum í 68 löndunum.

PA



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111



Heimaþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir
eftir starfsmanni í 80% starf
við félagslega heimaþjónustu, frá og með 1. júní 2023.
Do you need a job?

- Um er að ræða þjónustu við heimili í Snæfellsbæ
- Laun skv. kjarasamningi sveitarfélaganna og Kjalár

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2023.

Nánari upplýsingar um starfið veitir:
Brynja Mjöll, yfirumsjón heimaþjónustu. Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær
s: 430 7800 @: brynja@fssf.is - fssf@fssf.is

Vinamót UMFR og Víkings/Reynis



Sunddeild Víkings/Reynis tók þátt í vel heppnuðu sundmóti á Kleppjárnsreykjum um liðna helgi. Víkingur/Reynir og UMFR héldu mótið í sameiningu

og stungu 60 keppendur sér til sunds. 13 iðkendur úr Víking/Reyni tóku þátt og stóðu þau sig öll með þrýði.

JJ

Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

N1 Ólafsvík leitar að stöðvarstjóra



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023



N1 Ólafsvík leitar eftir að ráða kraftmikinn stöðvarstjóra í verslun félagsins.

Megináhersla verslunarinnar er m.a. á bílavörur, útgerðarvörur, efnavörur, fatnað, verkfæri, olíuvörur og þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur verslunarinnar
- Verkstjórn og eftirlit
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf í versluninni

Fríðindi í starfi

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsuefningar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Reynsla og þekking á verslun og þjónustu
- Góð samskiptafærni
- Þjónustulipurð

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Jón Viðar Stefánsson, forstöðumaður
verslunarsviðs N1 hjá jonvidar@n1.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2023.

Áhugasamir sækji um á www.n1.is – merkt Ólafsvík

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ